

Frumvarp til laga

um breytingu á kosningalögum sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2021
(nefnd um undirbúning framkvæmdar laganna).

Flm.: Birgir Ármannsson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Halldóra Mogensen, Hanna Katrín Friðriksson,
Oddný G. Harðardóttir, Willum Þór Þórsson.

1. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

2. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða III í lögunum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svo-
hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 143. gr. skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna sem falið verði að
vinna að undirbúningi framkvæmdar laganna. Forsætisnefnd Alþingis tilnefnir einn nefndar-
mann og skal hann vera formaður, Samband íslenskra sveitarfélaga einn og ráðherra einn án
tilnefningar. Nefndin skal starfa þar til Alþingi hefur kosið fulltrúa í landskjörstjórn og ráð-
herra hefur skipað landskjörstjórn skv. 12. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „landskjörstjórn sem skipuð er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III“ í 1.
málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögunum kemur: nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða
IV.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V í lögunum:

- a. Í stað orðsins „Landskjörstjórn“ kemur: Nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV.
- b. Í stað orðanna „skal landskjörstjórn samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III“ kemur: skal
nefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þær breytingar á nýsamþykktum kosningalögum að
nefnd verði falið að vinna að undirbúningi framkvæmdar laganna en ekki nýskipaðri lands-
kjörstjórn eins og kveðið er á um í hinum nýsamþykktu lögum. Betur fer á því að Alþingi kjósi nýja
landskjörstjórn að afloknum alþingiskosningum.